

1989:13

18/2 1990

4505

57/2

Ágúst Georgsson

Bráðabirgðaskráning fornleifa
í Flatey á Breiðafirði

TILHEYRIR
ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS
FORNLEIFADLID

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	2
2. UM FORNLEIFASKRÁNINGUNA	3
2.1 Undirbúningur	3
2.2 Skráning	3
2.3 Úrvinnsla	3
2.4 Fylgiskjöl	4
3. BYGGÐARSAGA	4
4. SKRÁ UM RÚSTIR Í FLATEY Á BREIÐAFIRÐI	5
4.1 Rústir sem fundust við vettvangskönnun	5
4.2 Rústir sem fundust á loftmynd	10
5. TEGUNDIR MINJA	12
6. NIÐURLAG	13
7. TILVÍSANIR	14

1. INNGANGUR

Um þessar mundir er unnið að aðalskipulagi Flateyjar á Breiða-firði 1990-2010. Í sambandi við skipulagsvinnuna hefur komið fram mikill áhugi á verndun menningarsögulegra minja og varð það til þess að Evar Harðarson arkitekt, VT teiknistofunni, Akranesi, gerði sér erindi á Þjóðminjasafn Íslands. Gekk hann á fund Guðmundar Ólafssonar, deildarstjóra fornleifadeidar, í nóvember 1989, og bar upp við hann erindi sitt. Niðurstaðan af umræðum þeirra varð sú að gera þyrfti fornleifaskráningu í eygni. Ætti skráningin að koma að tilætluðum notum taldi Evar að hún yrði að fara fram hið allra fyrsta. Sökum anna kvaðst Guðmundur ekki geta sinnt skráningunni sjálfur og hið sama gildi um lausráðinn sérfræðing deildarinnar. Í þessari stöðu leitaði Guðmundur til mín og bað mig að taka verkefnið að mér. Að öðrum kosti væri fyrirsjáanlegt að ekkert yrði úr framkvæmdum. Til að bjarga málnum féllst ég á þetta þótt ég starfaði þá við aðra deild safnsins og ætti einungis heimangengt um helgar. Varð að samkomulagi að gera fljótaskráningu með það fyrir augum að kanna lauslega hvaða minjar væri að finna í eygni og hversu langan tíma tæki að skrásetja þær nákvæmlega. Venjulega er fornleifaskráning gerð að sumarlagi en nú var kominn sá árstími þegar allra veðra er von. Lá því ljóst fyrir að sæta þyrfti lagi og bíða hagstæðrar veðurspár. Sjálf skráningin fór svo fram síðustu helgina í nóvember.

Skýrsla þessi er töluvert umfangsmeiri en til stóð í upphafi. Stafar það einkum af þeim mikla fjölda rústa sem fannst við nákvæma athugun loftmyndar af Flatey. Var þetta ein helsta ástæða þess að ráðist var í frekari öflun upplýsinga um minjarnar, enda gefa samanlagðar niðurstöður hinna tveggja skráningaraðferða (könnun vettvangs og loftmyndar) allgóða mynd af dreifingu rústa í eygni.

Reykjavík 2. febrúar 1990

Ágúst Georgsson.

2. UM FORNLEIFASKRÁNINGUNA

2.1 UNDIRBÚNINGUR

Áður en lagt var af stað vestur var mikið stækkuð loftmynd af Flatey dregin upp á vatnsheldan pappír og allar sjáanlegar rústir teiknaðar inn á. Ennfremur voru heimildir lauslega kannaðar, þó alls ekki jafn mikið og æskilegt hefði verið, og var reynt að bæta úr því eftir á. Hér skal sérstaklega getið Flateyjaruppdráttar Samúels Eggertssonar frá 1910 sem gefur mjög góða mynd af byggð í eyinni árið 1906. Er hér um ómetanlega heimild að ræða fyrir skráningu af slíku tagi. Undirbúningurinn var einkum hugsaður til þess að nýta sem best hinn stutta skráningartíma í Flatey, átta sig á staðháttum og legu hugsanlegra minja. Reyndist þetta koma að góðu gagni á vettvangi.

2.2 SKRÁNING

Laugardaginn 25. nóvember tók ég rútna til Stykkishólms og gisti þá um nóttina hjá föður mínum. Haldið var með flóabátnum Baldri áleiðis til Flateyjar kl. 10 á sunnudagsmorgninum með það fyrir augum að ganga um eyna meðan báturinn sigldi vestur á Brjánslæk og aftur til baka. Á bryggjunni í Flatey hitti ég að máli Hafstein Guðmundsson bónda og ræddum við lítillega um verkefni mitt og rústir í eyinni. Áður hafði ég verið í símasambandi við hann og Ólínu Jónsdóttur konu hans.

Ekki var staldrað neitt að ráði við hverja rúst, aðeins gengið úr skugga um hvers konar minjar um væri að ræða. Til flýtisauka var talað inn á diktafón, en ekkert skrifað niður, og reyndist það henta þessari tegund skráningar afar vel. Rústirnar voru hvorki teiknaðar né mældar og ekki heldur velt vöngum yfir þeim, einvörðungu færðar inn á uppdrátt, enda um bráðabirgðaskráningu að ræða. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir að kanna friðlandið, sem er austast á eyinni, og var þeirri áætlun fylgt. Tími vannst ekki til að ganga suðvestanverða eyna. Viðvöl í Flatey var rúmlega 3½ klst.

2.3 ÚRVINNSLA

Skýrsla þessi er reist á afrakstri vettvangskönnunarinnar, nákvæmri athugun loftmyndar af Flatey, Flateyjaruppdrætti frá 1910 og skriflegum heimildum. Enn hefur ekki verið leitað eftir munnlegum upplýsingum.

Í rútaskránni hér á eftir er hverri rúst gefið sérstakt númer. Það gefur þó ekki fyllilega til kynna raunverulegan fjölda minja, þar sem fleiri en ein rúst eru stundum undir hverju númeri. Fyrst er gerð grein fyrir þeim minjum sem kannaðar voru á vettvangi og rakið það helsta sem um þær er vitað. Síðan eru talðar upp þær minjar sem sjást á loftmynd og sagt frá þeim eftir því sem tók eru á. Síðast töldu rústirnar eru merktar með rómverskum tölustöfum til aðgreiningar frá hinum. Allar kunnar fornleifar voru merktar

inn á skipulagsuppdrátt.

2.4 FYLGISKJÖL

Aftan við skýrsluna eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Skipulagsuppdráttur (1989) sem fornleifar hafa verið merktar inn á.
2. Uppdráttur af austurenda Flateyjar (eftir loftmynd) sem fornleifar hafa verið merktar inn á.
3. Uppdráttur af Flatey á Breiðafirði eftir Samúel Eggertsson. Mæling 1906. Uppdráttur 1910. Frummynd í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

3. BYGGÐARSAGA

Flatey er landnámsjörð og um sögu hennar má víða lesa, þótt ekki verði hún rakin hér, m.a. í ágætu yfirliti Eysteins G. Gíslasonar um eyjar í Barðastrandarsýslu. Þetta segir hann um elstu búsetu í eyinni:

Upphafleg byggð í Flatey hefur ... verið á henni miðri þar sem hún er einna hæst, beint upp af þorpínu. Þar eru miklir safnhaugar og mannvistarleifar á og utan í svokölluðum Hólum og þar stóðu bæir a.m.k. fram eftir 19. öld og reyndar víðar á háhrygg eyjarinnar ... en þeir eru allir löngu horfnir.¹

4. SKRÁ UM RÚSTIR Í FLATEY Á BREIÐAFIRÐI (SKÝRINGAR VIÐ FYLGISKJAL 1)

4.1 RÚSTIR SEM FUNDUST VIÐ VETTVANGSKÖNNUN

1. Rúst lítils húss eða kofa. Stendur á bakka Lómatjarnar sem nú er að mestu leyti uppboruð. Hlutverk óvíst. Að öllum líkindum frá 20. öld. Einföld grjóthleðsla, um 10-15 m á lengd, liggur austur frá rústinni.
2. Lítil kofarúst. Stendur á bakka Lómatjarnar. Hlutverk óvíst. Að öllum líkindum frá 20. öld. Hjólför (traktorsvegur) fast við framgafl kofans.
3. Steinsteypur grunnur. Að öllum líkindum sambyggð fjárhús og hlaða. Hlaðan er aftan við og snýr þvert á húsin að hefðbundnum hætti. Við hlið grunnsins að norðanverðu eru leifar lítils kofa að því er virðist. Rústirnar standa mjög nálægt kletthæð eða hól og eru báðar frá 20. öld.
4. Kofi, eða rúst hans, byggður utan í klett sem kemur í stað fjórða veggjarins. Hlutverk óvíst. Sennilega frá 20. öld.
5. Grjótbyggja. Eflaust í notkun á fyrra helmingi 20. aldar en gæti vel verið eldri að stofni til. Er í sunnanverðum Teinæringsvogi.
6. Kálgarður. Girtur og enn í notkun. Líklega einhverjar rústir í honum norðanverðum. Á fylgiskjali 3 sjást tveir sambyggðir kálgarðar á sama stað. Þeir voru kallaðir Litli- og Stóri-Brennir.² Á loftmynd mótar fyrir útlínunum lítillar rústar, sennilega kofa, við suðausturhorn garðsins. Mætti e.t.v. finna við nánari skoðun.
7. Leifar lítils húss eða kofa. Innan í honum bárujárn og spýtnabrák. Veggir standa enn að miklu leyti. Frá síðara helmingi 20. aldar.
8. Rústir tveggja sambyggðra fjárhúsa og hlöðu. Óvíst hvort bæði hafa verið í notkun samtímis. Hlaðan er aftan við, nær sjávarbakkanum, og snýr þvert á húsin. Útihús þessi eru að öllum líkindum frá fyrra helmingi 20. aldar.³ Hús, vafalaust útihús, stóð á svipuðum stað árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3) og gæti verið um sömu byggingu að ræða en e.t.v. bætt við hana síðar (að vestanverðu).
9. Vallgróin rúst, nánast hringlaga, í túninu upp af Teinæringsvogi. Hugsanlega leifar lítils kofa. Sennilega frá 19. öld. Nálægt þessum stað var kálgarður árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).

10. Vallgróin kofarúst í túninu upp af Teinæringsvogi. Líklega frá 19. öld. Nálægt þessum stað var kálgarður árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).

11. Silfurgarður. Stór og myndarlegur grjótgardur. Nær þvert yfir Grýluvog en innsiglingarrenna eða op er á honum sunnanverðum. Friðlýstur og á fornminjaskrá.⁴ Reistur um 1830 fyrir Guðmund Scheving, kaupmann í Flatey.⁵ Samkvæmt heimild frá 1840 er garðurinn 66,8 m langur, 3,3 m breiður og 2,5 m á hæð. Innan Silfurgarðs var skipastaða fyrir þrjú eða fjögur þilskip.⁶ Mun hann hafa verið mesta mannvirki sinnar tegundar á Íslandi og á tímabili helsta mannvirki í Flatey ásamt Stóragarði og Eyjólfsbryggju.

Björn Sigurðsson (1856-1930), kaupmaður í Flatey, lét hlaða Stóragarð á tímabilinu 1885-1890 til að skýla Þýskuvör fyrir norðanátt.⁷ Hefur garðurinn nú látið verulega á sjá, en hann kallast einnig Nýjabryggja⁸ og er þannig merktur á fylgiskjali 3.

Eyjólfsbryggja er vestan Þýskuvarar og kennd við Eyjólf Jóhannsson (1852-1900), kaupmann í Flatey, sem lét hlaða hana úr stórgrýti fyrir aldamótin 1900. Hún var aðalbryggja kaupstaðarins um langan aldur. Utan um hana var síðar gerð steinkápa, milli 1930 og 1940, sem nú er mikið til horfin sökum sjávargangs.⁹

Grjótbryggja er ennfremur í Vesturbúðarvör, sýnilega enn í notkun, "þar er löglending í Flatey. Að lagfæringu bryggjunnar og hreinsun vararinnar unnu Flateyingar dagsverk sín fram á þessa öld".¹⁰ Mannvirki þetta er sýnt á fylgiskjali 3 og að öllum líkindum reist á 19. öld.

12. Rústasvæði. Afmarkað með punktalínu á uppdrætti milli kirkjugarðsins og kirkjunnar. Hér sjást nokkrar yfirgrónar tóftir, sennilega bæjarstæði, enda stóð Miðbær á þessum slóðum, rétt austan við kirkjugarðinn (sbr. fylgiskjal 3). Miðbær mun hafa verið rifinn árið 1873 og þar er nú sagður vera gróinn öskuhaugur og slétt flöt.¹¹ Kirkja var fyrrum í norðvesturhorni kirkjugarðsins en hún var rifin árið 1926 og núverandi kirkja reist í staðinn. Oft mun komið niður á mannvistarlög þá teknar eru grafir enda hefur kirkjugarðurinn verið stækkður eftir þörfum.¹² Þess má geta að hæðin fyrir innan kirkjugarðinn kallast Hólar eða Miðbæjarhólar en leifar af býlinu töldust sýnilegar innan til á hólnum um 1970. "Nokkur kot munu hafa verið þarna í nánd við Miðbæ. Austast á hólabrúninni var Austurkot. Suðaustur af Miðbæjartótt sást móta fyrir rústum Miðbæjarfjóss."¹³

13. Hér virðist móta fyrir einhverri rúst á loftmynd en við vettvangskönnun kom ekkert markvert í ljós. Með góðum vilja má þó e.t.v greina för í túninu en það er mjög óvíst. Þetta tíundað hér til vonar og vara.

14. Allrústalegt þýfi við suðvesturhorn hins hrörlega Klausturhólahúss. Sennilega eftir byggingar í tengslum

við Garðabæ sem hér stóð fyrrum. Við norðausturhorn Klausturhóla er steyptur grunnur, líklega undan húsi sem sést á fylgiskjali 3. Klausturhólar voru reistir á rústum Garðabæjar árið 1901 af séra Sigurði Jenssyni, prófasti í Flatey, og bjó hann þar til dauðadags 5. janúar 1924. Síðast var búið í húsinu árið 1953 og hefur það staðið autt síðan.¹⁴ Í örnefnalýsingu segir svo um þýfið: "Þar sem þúfnamyndun er, skammt frá vesturgafli hússins Klausturhólar, stóð fram yfir s.l. aldamót lítill bær: Garðabær. Í Garðabæ bjó um sína daga í Flatey séra Andrés Hjaltason."¹⁵ Aðrir segja að Garðabær hafi verið þar sem nú er Klausturhólahúsið.¹⁶

Austurbær, sem rifinn var skömmu efir 1823, stóð nálægt þeim stað sem nú er Klausturhólahúsið og var gerður kálgarður á rústum hans, kallaður Búfræðingur. Í Austurbæ bjuggu löngum Flateyjarklerkar.¹⁷

15. Klaustursteinninn. Allstór steinn, nokkuð sokkinn í jörðu, og klappaður í hann hringlaga bolli eða hola sem rúmað gæti á að giska 4-5 dl. Slétt tún umhverfis og engar rústir sjáanlegar á yfirborði. Hvorki tangur né tetur sést eftir af hinum svo kölluðu klausturrústum, en Ágústínusarklaustur stóð í Flatey 1172-1184 en var þá flutt að Helgafelli.¹⁸ Klausturminjarnar hafa verið friðlýstar og á fornleifaskrá síðan 1930. Friðlýsingin nær yfir "hina fornu Klausturtóft sem er efst og austast í Flateyjartúni".¹⁹

Verða nú raktar helstu heimildir um meintar klausturrústir í Flatey; sú elsta frá því skömmu eftir 1700:

Fyrir austan bæinn í Flatey sér glögglega til kirkju og kirkjugarðs. Í sáluhliðinu stendur þar jarðfastur steinn, og er klappaður ofan í hann kringlóttur bolli. Segja menn þann brúkaðan verið hafa til vígðs vatns (quod tamen ego non credo [sem ég trúi ekki], því hann hefur verið undir manna fótum, að sýnist). Strax fyrir vestan þennan kirkjugarð eru 3 eða fleiri hústóptir vallgrónar. Segja Flateyingar það verið hafa þess gamla klaustursins hús. Þar heita og Klausturhólar enn í dag, er tóptirnar við standa.²⁰

Þess má geta að um 1700 var alkirkja í Flatey enda fer hér ekkert á milli mála að verið er að tala um rústir.²¹ Getið er um klausturrústir í lýsingu Flateyjarprestakalls árið 1840, en það sem álitíð er kirkja og kirkjugarður um 1700 telst nú klausturrúst:

Sjást enn gjörla merki hvar klaustrið hefir staðið, austarlega og hæst í Flateyjartúni, nærhæfis 10 al. langt og 6 al. breitt, með garði umhverfis og dyrum til vesturs. Við inngöngu í klausturgarðinn stendur ennþá steinn mikill, lítið upp úr jarðar yfirborði. Þar í er klappaður bolli, sem tekið hefir nálægt einni mörk vatns, sem tjáist hafa staðið þar, og

verið endurnýjað daglega, meðan klaustrið stóð, til þess að allir skyldu þvo sig í vatninu, sem gengu til bæna í klaustrið.²²

Þessi lýsing virðist fremur eiga við minjar kirkju og kirkjugarðs, en ekki klausturs, og kemur það heim og saman við uppgefin mál rústarinnar.²³ Nokkrar líkur eru því á að Flateyjarkirkja hafi verið færð tvívegis (sbr. nr. 12). Um 1880 greinir danski fornfræðingurinn Kålund frá klausturminjum í Flatey og er frásögn hans samhljóða sóknarlýsingunni frá 1840.²⁴ - Í örnefnalýsingu segir svo um klausturrústirnar:

Innan til við húsið Klausturhóla nefnist túnið Klausturhólar. Fram undir 1930, eða lengur, sást móta fyrir því, að þarna hafði bygging verið og garður umhverfis hana. Hlið hafði verið vestanvert á þeirri girðingu og hægra megin í því hliði steinn sá, sem enn er þarna. Munnmáli segja, að laut sú eða hola, sem í steininum sést, hafi verið vígslu- vatnsbolli á þeim tíma er Flateyjarklaustur stóð...²⁵

Öruggt má telja að mótað hafi fyrir meintum klausturrústum fram um 1930-1940, enda ber heimildum saman um það.²⁶ Þess má geta að Útburðarsteinninn er í fjörunni litlu austar en Klaustursteinninn, eða suðvestanvert við Mjósund, og tengjast honum sagnir um óskírlífi munkanna í Flatey.²⁷

Niðurstaða: Komið hefur fram að engar klausturrústir eru nú í Flatey, en hins vegar sáust leifar fornrar kirkju og kirkjugarðs fram um 1930-1940, og hafa þær ranglega verið álitnar klausturminjar í seinni tíð, nema um sé að ræða klausturkirkju. Nálægt 1700 segir frá þremur eða fleirum vallgrónum hústöftum, strax vestan kirkjugarðs þessa, og gætu þær hugsanlega verið rústir Ágústínusarklaustursins, en það er þó óvíst. Klaustursteinninn stóð í sáluhliði og kann að hafa gegnt trúarlegu hlutverki. Munnmáli eru um þetta enn þann dag í dag.

16. Þýflendi, hugsanlegt rústasvæði austan Klausturhólahússins. Séu þetta byggðaleifar eru þær án efa frá 19. eða 20. öld eftir Garðabæ eða hús tengd honum.

17. Þrjár vallgrónar rústabungur í túninu suðaustur af Klausturhólahúsinu. Gætu verið leifar hússins sem stóð suðaustur af Garðabæ (Klausturhólum) árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).

18. Vör/ naust. Garður úr torfi og grjóti sem liggur austur frá þeim. Þetta er utan núverandi túngirðingar, en fast við hana, nálægt flæðarmáli. Innan girðingar, á móts við naustin, er lítil kofarúst. Sennilega er hún á sama stað og sýnt er lítið hús á fylgiskjali 3, beint niður af Garðabæ (Klausturhólum). Vörin er að öllum líkindum Garðavör sem sögð er vera suður af Klaustur-

hólum.²⁸ Naustin eru sennilega frá 19. öld og gæti eitt þeirra vel verið "þiljuskipahróf" það sem getið er um í Lýsingu Flateyjarprestakalls 1840, sunnan til á eyggi niður af Garðabæ²⁹. Í örnefnalýsingu er getið um Skútuhróf, nálægt Garðastöðli, en suður af því er Hrófsker.³⁰ Vafalaust er hér um sama mannvirkið að ræða. Í fjörunni, neðan við rústirnar, er flak af gömlum nótabáti en dálítið austar friðlýsingarskilti Náttúru-minjaráðs.

19. Grjót dreif eða -rúst. Stendur á sjávarbakka utan núverandi girðingar. Á sennilega við hús sem sést á fylgiskjali 3 (nálægt r í orðinu Klausturhólar). Svólítið austar á bakkanum mótast fyrir líklegum rústabungum og gætu þær verið eitthvað eldri en fyrrgreind húsrúst.

20. Óljósar grjóthleðslur, sokknar í jörðu, á sjávarbakkanum utan núverandi túngirðingar. Að öllum líkindum kofa- eða húsrúst. Sennilega frá 19. öld eða jafnvel eldri.

21. Lítið steinhús eða kofi. Opin tóftin stendur eftir án þaks, glugga og hurðar. Frá 20. öld. Teiknuð inn á skipulagsuppdrátt 1989. Þetta er s.k. Garðahlaða sem tilheyrði Klausturhólum.³¹

22. Rústasvæði. Afmarkað með punktalínu á uppdrættinum. Hér hafa verið mannvirki sem búið er að slétta úr að mestu eða öllu leyti. Eftir stendur túngarður (sem upphaflega hefur náð norður yfir eyna, skipt henni í tvennt að austanverðu) og húskofi sambyggður garðinum að vestanverðu. Hvort tveggja sést á fylgiskjali 3. Á þessu svæði voru kálgarðar og torfkofar, nú horfnir, en nokkuð vestar Innstibær og Bárarhús en á tóftum þess var síðar reist hlaða og fjós frá Klausturhólum.³² Allt eru þetta 20. aldar minjar.

23. Leifar húss úr torfi og grjóti. Líklega er um að ræða eitthvert húsanna á milli Innstabæjar (Bárarhúss) og Miðhúsa (sbr. fylgiskjal 3). Frá fyrra helmingi 20. aldar. Á rústum Miðhúsa var síðar reist hlaða frá Klausturhólum.³³ "Inn og norðar en Innstibær var Útgarður, bær Ara Steinssonar hagröðingsins góða."³⁴

24. Grjót dyngja. Við austurendann á framræsluskurði nokkrum. Tíundað hér til vonar og vara þótt varla sé um mannvistarleifar að ræða.

25. Lágur garður að mestu hlaðinn úr grjóti. Nær frá vestanverðu Lundabergi og stefnir um 10 m í suður. Eflaust er hér um að ræða nyrsta hluta garðs þess sem skipti Flatey í tvennt að austanverðu en leifar hans er einnig að finna á sunnanverðri eyggi (sbr. nr. 22). Sennilega hefur innendi hennar verið notaður sem beitarland en sunnan til á Lundabergi var sumarfjós og

þar voru kýr mjaltaðar.³⁵

Grjótdyngja (merkt með punktalínu) er austan megin garðsins nálægt því þar sem hann endar til norðurs. Staðsetning garðsins er nokkuð ónákvæm, enda reyndist erfitt að finna hann á loftmynd, og á hann hugsanlega að vera eilítið vestar en sýnt er á fylgiskjali 1.

26. Húsrúst. Sýnd sem rúst, eða kálgarður, á fylgiskjali 3 og þar nefnd Hjallur. Hjallur var þurrabúð og stóð eitthvað fram yfir 1890.³⁶

27. Fjánhús með sambyggðri hlöðu aftan við. Mikið eftir af veggjum en töluvert drasl inni í rústinni (bárujárni og spýtnabrák). Að öllum líkindum á sama stað og hús á fylgiskjali 3 (suður af Hjalli) en frábrugðin að lögun og þess vegna sennilega yngri. Líklega í notkun fram yfir miðja 20. öld.

28. Leifar nokkurra kálgarða austast í þorpinu. Sumir teiknaðir eftir loftmynd en allt svæðið afmarkað með punktalínu. Þessir garðar, eða hluti af þeim, sjást á fylgiskjali 3. Árið 1840 eru kálgarðar sagðir töluvert margir og stórir í Flatey, "allir uppteknir og byggðir á næstliðnu 20 ára tímabili".³⁷

29. Rústir kálgarða og húsa, vallgrónar en mótar þó allskýrt fyrir þeim. Sumt teiknað eftir loftmynd en allt svæðið afmarkað með punktalínu. Hér stóðu kálgarðar árið 1906, ennfremur Bakk'hús og annað hús suðaustur af því (sbr. fylgiskjal 3).

30. Torfgarður. Liggur meðfram norðanverðri Skansmýri og e.t.v. einnig að austan- og sunnanverðu.

31. Kálgarðsleifar. Lágur en fremur greinilegar hleðslur á bakkanum austan Vertshúss. Virðist um fleira en eitt mannvirki að ræða en ekki unnt að kanna það neitt nánar. Allt svæðið auðkennt með punktalínu á uppdrætti. Austan við rústirnar stendur rautt hús og er það greinilega byggt ofan í eldri tóftir, sennilega húsarústir. Hér var kálgarður og Myllustaðir skv. fylgiskjali 3.

4.2 RÚSTIR SEM FUNDUST Á LOFTMYND

I. Garðlag (að því er virðist).

II. Garðlag. Áreiðanlega hluti af girðingu úr torfi og grjóti sem náði þvert yfir vestanverða Flatey og sýnt er á fylgiskjali 3. Sennilega á eftirfarandi lýsing við girðinguna þótt legan sé ekki að öllu leiti hin sama: "Norðanvert við Læknishúsið sést fyrir gamalli garðhleðslu sem nær niður að Lómatjörn. Sá garður hefur líklega einhverntíman verið byggður þvert yfir eyjuna þarna. Þetta garðbrot heyrði ég nefnt Akurgerði eða

Akurgarð.³⁸

III. Kálgarðsleifar (að öllum líkindum). Óljósar. Á fylgiskjali 3 er hér sýndur lítill kálgarður en á loftmynd koma fram mun umfangsmeiri minjar sem þá ættu að vera eldri. Litli kálgarðurinn er líklega sá hinn sami og kallaðist Tryggð.³⁹

IV. Kartöflugarðar. Um þá segir svo í örnefnalýsingu: "Niður við fjöruna, suður af Læknishúsi, voru kartöflugarðar, er séra Ólafur Sívertssen lét gera. Þeir nefndust, efst og yst Mæðir, þá Erfiður og Langur innst."⁴⁰ Tekið var að sinna garðrækt í Flatey um og upp úr 1820.⁴¹ Kartöflugarðar þessir gætu því vel verið hátt í 170 ára gamlir.

V. Matjurtagarður. Kemur fram á fylgiskjali 3.

VI. Matjurtagarður (líklega). Að öllum líkindum frá 20. öld. Girðing virðist liggja í austur frá garðinum (sýnd með punktalínu).

VII. Garðlag. Leifar girðingar úr torfi og grjóti. Sést öll á fylgiskjali 3. Náði upphaflega frá sjó (Innstapolli) og langleiðina að kirkjunni.

IIIX. Rúst. Sennilega frá 20. öld.

IX. Húsrúst? Gæti átt við torfhús sem kemur fram á fylgiskjali 3 nokkuð austan við garðlag nr. vii.

X. Veggjabrot. E.t.v. liggur garðlag í austur frá því (sýnt með punktalínu). Frá 20. öld.

XI. Veggjabrot. Óljósar rústir sunnan við þau (sýndar með punktalínu), e.t.v. leifar Hölluhúss eða mannvirkja sem því tengdust. Frá 20. öld.

XII. Hugsanlega leifar Norskubúðar. Rústin virðist nálægt þeim stað sem er nr. 29 á fylgiskjali 3.

XIII. Húsrúst?

XIV. Húsrúst?

XV. Rústir útihúsa? Óljósar.

XVI. Rúst?

XVII. Húsrúst?

IIIX. Matjurtagarður?

IXX. Nátthagi. Kallaður Búfræðingur enda byggður af slíkum skömmu fyrir aldamótin 1900. Talinn mjög úr sér genginn árið 1950.⁴² Allstórt tún var ræktað á Eyjar-endanum um 1970.⁴³

XX. Garðlag sem myndar næstum afgirt svæði og er sýnilega eldra en nátthaginn (ixx). Líkur eru á að um sé að ræða svo kallaðan Ólafarakur, þótt ekki sé það fullvíst. Í lýsingu Flateyjarprestakalls 1840 segir að víða í Breiðafjarðareyjum sjáist glögg merki akurgerða. Þar greinir ennfremur að í Flatey hafi síðast verið lögð stund á kornyrkju á dögum Ólafar ríku "og er sá akur stór ummáls, er ber nafn hennar innst eða austast á Flatey."⁴⁴ Enn var talið sjáist fyrir Ólafarakri árið 1950,⁴⁵ en hann er nú friðlýstur og á fornminjaskrá: "Ólafarakur, er svo heitir, stór girðing, austast á eyinni; kenndur við Ólöfu ríku."⁴⁶ Í örnefnalýsinga segir um Ólafarakur að enn sjáist merki um hann "austur á Flatey, gegnt Akurey".⁴⁷

5. TEGUNDIR MINJA

Um sumar tegundir minja ríkir nokkur óvissa og er rétt að ítreka það hér. Ekki síst á þetta við hugsanlegar akurleifar á austast á eyinni, og í því tilviki einungis um tilgátu að ræða. Horfnar rústir, t.d. eftir klaustur eða kirkju, eru ekki taldar með í þessu yfirliti.

Akur
 bryggja
 bæjarstæði
 fjárhús
 garðlag
 girðing
 grjótdyngja
 hafnargarður
 hlaða
 hús
 kálgarður
 kartöflugarður
 klaustursteinn
 kofi
 matjurtagarður
 nátthagi
 naust
 rúst
 túngarður
 útihús
 veggjabrot
 vör

5. NIÐURLAG

Með vettvangsrannsókn, athugun loftmyndar af Flatey og könnun heimilda hefur tekist að gera sér allgóða grein fyrir byggðarleifum í eygni. Alls náðust 51 númer á skrá en heildarfjöldi minja mun þó vera nokkuð hærri, eða um 60-70, ef að líkum lætur. Langflestar rústanna eru frá 20. öld, nokkrar frá 19. öld og fáeinar eldri. Meðal þeirra elstu er Klaustursteinninn (15), en engin verksummerki sjást nú eftir Ágústínusarklaustrið. Frá öndverðri 19. öld er Skútuhróf (18), merkilegar leifar frá upphafi þilskipaútgerðar á Íslandi, sem tvímælalaust ber að friðlýsa. Þá má geta um matjurtagarða frá dögum sr. Ólafs Sívertsen (iv) og girðingu (akurleifar?) austast á eygni (xx). Friðlýstar og á fornleifaskrá eru: Silfurgarður (11), "hin forna Klausturtóft" (15) og Ólafarakur (xx).

Ljóst er að mikið hefur verið sléttað úr gömlum rústum í Flatey, einkum á 20. öld, enda samfelld byggð í eygni allt frá landnámsöld. Viðhorfið gagnvart rústum eða tættum var og löngum það að þær væru heldur til óprýði, jafnvel óþurfta, og því oft fjarlægðar.


Ekki virðist fyrirhugað skipulag stangast á við niðurstöður fornleifaskráningarinnar. Engar merkilegar rústir eru í hættu vegna þess. Út frá sjónarhóli fornleifafræðinnar væri æskilegt að gera nákvæmari vettvangsrannsókn, en það er ekki bráðnauðsynlegt vegna skipulagsvinnunnar, og er þá miðað við síðustu tillögur (frá 1989). Breytist þessar forsendur verður að taka afstöðu til ítarlegri skráningar. Sú vinna mun líklega taka um eina viku og úrvinnsla eina til tvær til viðbótar.


7. TILVÍSANIR

1. Eysteinn G. Gíslason: "Eyjar í Barðarstrandarsýslu." Árbók Ferðafélags Íslands 1989 (Rv. 1989), 141.
2. Örnefnastofnun. "Örnefni í Flatey og Heimalöndum. Skáð af Sveini Gunnlaugssyni skólastjóra", 3; Örnst. Flatey, 24.
3. Getið er um fjárhúsin í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar skólastóra (Örnefnast.).
4. Þjms. Friðlýsingarskjal jarðarinnar Flateyjar í Flateyjarhreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Undirritað af Þór Magnússyni, þjóðminjaverði, 11.4. 1975. Friðlýsingartexti: "Silfurgarður, hlaðinn hafnargarður við gömlu höfnina."
5. Örnefnastofnun. Flatey, 13, 29.
6. Ólafur Sivertsen: "Lýsing Flateyjarprestakalls." Sóknarlýsingar Vestfjarða I Barðarstrandarsýsla (Rv. 1952), bls. 121.
7. Bergsveinn Skúlason: Um eyjar og annes I (Rv. 1964), 37.
8. Örnefnastofnun. Flatey, 5.
9. Bergsveinn Skúlason: Um eyjar og annes I, 37; Eysteinn G. Gíslason: Eyjar í Barðastrandarsýslu, 149.
10. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 5.
11. Örnefnastofnun. Flatey, 25.
12. Sögn Hafsteins Guðmundssonar bónda í Flatey.
13. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 7.
14. Þjms. Plögg um Klausturhóla í skjalaskáp húsafriðunar-deildar.
15. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 7.
16. Örnefnastofnun. Flatey, 12.
17. Örnefnastofnun. Flatey, 3-4, 8.
18. Hermann Pálsson: Helgafell. Saga höfðubóls og klausturs. Snæfellsnes III (Rv. 1967), 56-58.

19. Þjms. Friðlýsingarskjal jarðarinnar Flateyjar í Flateyjarhreppi, Barðarstrandarsýslu. Undirritað af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði 25.10. 1930.
20. Árni Magnússon: "Um klaustrin." Blanda. Fróðleikur gamall og nýr II. Sögurit XVII (Rv. 1921), bls. 35.
21. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI (Kh. 1938), 237.
22. Ólafur Sivertsen: "Lýsing Flateyjarprestakalls." Sóknarlýsingar Vestjarða I, bls. 188.
23. Til samanburðar má þess geta að kirkjurúst að Krossi á Skarðsströnd mældist um 5x2,5 m að innanmáli. (Kristján Eldjárn: "Kirkjurúst á Krossi á Skarðsströnd." Árbók hins íslenska fornleifafélags 1973 (Rv. 1974), 143).
24. Kr. Kålund: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse II (Kh. 1879-1882), 540-541.
25. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 8.
26. Bergsveinn Skúlason: "Flateyjarhreppur á Breiðafirði." Barðstrendingabók (Rv. 1942), bls. 58; Jökull Jakobsson og Baltasar: Síðasta skip suður (Rv. 1964), bls. 175.
27. Bergsveinn Skúlason: Um eyjar og annes I, 44-45; Einnig kallaður Dvergasteinn. (Örnefnastofnun, Flatey, 31).
28. Örnefnastofnun. Flatey, 13.
29. Ólafur Sivertsen: "Lýsing Flateyjarprestakalls." Sóknarlýsingar Vestfjarða I, 122.
30. Örnefnastofnun. Flatey, 30.
31. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 8; Flatey, 13.
32. Örnefnastofnun. Flatey, 5.
33. Örnefnastofnun. Flatey, 25.
34. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 8.
35. Örnefnastofnun. Flatey, 24.
36. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 8; Örnst. Flatey, 17.
37. Ólafur Sivertsen: "Lýsing Flateyjarprestakalls." Sóknarlýsingar Vestfjarða I, bls. 182.
38. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 4.

39. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 3.
40. Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndun, 4.
41. Ólafur Sívertssen: "Lýsing Flateyjarprestakalls." Sóknarlýsingar Vestfjarða I, 182.
42. Bergsveinn Skúlason: Um eyjar og annes I, 48; Örnefnastofnun. Örnefni í Flatey og Heimalöndum, 9; Örnst. Flatey, 27.
43. Eysteinn G. Gíslason: Eyjar í Barðarstrandarsýslu, 138.
44. Ólafur Sivertsen: Lýsing Flateyjarprestakalls, 181.
45. Bergsveinn Skúlason: Um eyjar og annes I, 38-39.
46. Þjms. Friðlýsingarskjal jarðarinnar Flateyjar í Flateyjarhreppi, Barðarstrandarsýslu. Undirritað af Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði, 25. 10. 1930.
47. Örnefnastofnun. Flatey, 28.





6447.